

Reykjavík, 6. desember 2017
R17120077
HBL/lss

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla

Á fundi borgarstjórnar þann 5. desember 2017 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til borgarráðs.


Lagt er til að 25 milljóna króna fjárveiting á kostnaðarstað 1104, „Greining á þörf uppbyggingar skóla í Vestur- og Austurbæ“, verði felld út. Þess í stað komi eftirfarandi liðir: Háteigsskóli, hönnun viðbyggingar. 50 milljónir. Melaskóli, hönnun viðbyggingar. 50 milljónir.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 30. janúar 2018
USK2017120021
8.3



Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla. Tilvísun í mál R17120077.

Á fundi borgarráðs þann 14. desember 2018 var neðangreindri tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssviðs:

"Lagt er til að 25 milljóna króna fjárveiting á kostnaðarstað 1104, „Greining á þörf uppbyggingar skóla í Vestur- og Austurbæ“, verði felld út. Þess í stað komi eftirfarandi liðir: Háteigsskóli, hönnun viðbyggingar. 50 milljónir. Melaskóli, hönnun viðbyggingar. 50 milljónir."

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs:

Þörf er á að greina þarfir og hugsanlega uppbyggingarþörf vegna nemendafjölgunar við m.a. eftirfarandi skóla: Melaskóla, Hagaskóla, Laugarnesskóla, Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Lagt er til að fyrstu mánuðir ársins 2018 verði notaðir til þeirrar greiningarvinnu í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á kostnaðarstað 1104: "Greining á þörf uppbyggingar skóla í Vestur- og Austurbæ."

Þegar sú greiningarvinna liggur fyrir verði lögð fyrir borgarráð tillaga um að setja af stað nauðsynlega hönnunarvinnu á síðari hluta ársins 2018 ef þörf er talin vera á.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málsnr: 217120077
Skjalasafn Ráðhúss
23. jan. 2018
Bréfakali: 44200

Reykjavík, 22. janúar 2018
SFS2017120105
7.1
HG/db(ag)

Ráðhús Reykjavíkur
skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsið
101 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn SFS um tillagu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla - R17120077

Umsögn skóla og frístundasviðs við tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fella út greiningu á þörf uppbyggingar skóla í Vestur- og Austurbæ og í stað þess komi inn hönnun viðbygginga við Melaskóla og Háteigsskóla.

Skóla og frístundasvið telur þörf á greiningu á skólum í hverfum í 104, 105, 107 og 108 til að meta viðbyggingarþörf vegna nemendafjölgunar. Því þarf að nota fyrstu mánuði ársins í þá greiningarvinnu og þegar niðurstaða liggur fyrir á þessu ári þarf mögulega að leggja meira fjármagn í hönnun viðbygginga þeirra skóla þar sem þörfin er mest.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

